# Miðvikudagur 18. janúar



## SJÓNVARPIÐ

18.00 **Töfragluggi Bomma. Umsjón Árný Jóhannsdóttir.**
18.50 **Táknmálsfréttir.**
19.00 **Poppkorn.** Umsjón Stefán Hilmarsson.
19.25 **Föðurleifð Franks (13).** Bandarískur gamanmyndaflokkur.
19.50 **Tommi og Jenni.**
20.00 **Fréttir og veður.**
20.35 **Á tali hjá Hemma Gunn.** Bein útsending úr Sjónvarpssal þar sem Hermann Gunnarsson tekur á móti gestum.
21.35 **Bundinn í báða skó.** Annar þáttur. Breskur gamanmyndaflokkur í sex þáttum. Aðalhlutverk Richard Briers, Penelope Wilton og Peter Egan.
22.05 **Skammdegi.** Íslensk kvikmynd frá 1984. Leikstjóri Þráinn Bertelsson. Aðalhlutverk Ragnheiður Arnardóttir, Eggert Þorleifsson, Hallmar Sigurðsson, María Sigurðardóttir og Tómas Zoega. Ung ekkja fer til tengdafólks síns á Vestfjörðum. Hún hefur erft hálfa jörðina og hyggst selja sinn hlut.
23.00 **Seinni fréttir.**
23.10 **Skammdegi frh.**
23.45 **Dagskrárlok.**

## STÖÐ 2

15.45 **Santa Barbara**Bandarískur framhaldsþáttur.
16.35 **Geimorrustan.**Battle Beyound the Stars. Stjörnustríðsmynd um ómennið Sador sem hótar íbúum plánetunnar Akir gereyðingu.
18.15 **Ameriski fótboltinn.**Sýnt frá leikjum NFL-deildar ameríska boltans.
18.40 **Handbolti.**Umsjón Heimir Karlsson.
19.19 **19.19.**Fréttir, veður, íþróttir, menning og listir, fréttaskýringar og umfjöllun. Allt í einum pakka.
20.30 **Heil og sæl.**Beint í hjartastað. Að þessu sinni eru hjarta- og æðasjúkdómar til umfjöllunar. Þessir sjúkdómar hafa fylgt manninum frá örófi alda. Í kjölfar tæknivæðingar og velmegunar nútímans dró úr nýgengi sjúkdómanna, en dánartíðni stóð í stað.
21.00 **Undir fölsku flaggi.**Charmer. Nýir breskir framhaldsþættir um glæsimennið Ralph Gorse.
Aðalhlutverk: Nigel Havers, Bernard Hepton, Rosemary Leach og Fiona Fullerton.
21.55 **Dagdraumar.**Yesterdays Dreams. Ný bresk framhaldsmynd í sjö hlutum. Aðalhlutverk: Paul Freeman, Judy Loe, Trevor Byfield og Damien Lyne.
22.50 **Viðskipti.**Íslenskur þáttur um viðskipti og efnahagsmál í umsjón Sighvatar Blöndahl og Ólafs H. Jónssonar.
23.15 **Litla systir**Baby Sister. Ung stúlka verður ástfangin af unnusta eldri systur sinnar. Hann virðist endurgjalda ást hennar en vill ekki særa þá eldri. Það reynir á þolrif systranna og fjölskyldunnar. Aðalhlutverk: Ted Wass, Phoebe Cates og Pamela Bellwood. Ekki við hæfi barna.
00.45 **Dagskrárlok.**

## SKY CHANNEL

5.30 **Viðskipti í Evrópu.**
6.00 **Góðan daginn, Norðurlönd.** Morgunþáttur í umsjá Norðurlandabúa.
7.00 **Þáttur D.J. Kat.** Barnaefni og tónlist.
8.00 **Denni dæmalausi.**
8.30 **Gríman.** Teiknimyndasería.
9.00 **Niðurtalning.**
10.00 **Evrópulistinn.** Poppþáttur.
11.00 **Rómantísk tónlist.**
12.00 **Önnur veröld.**
13.00 **Tískuþáttur.**
13.30 **Spyrjið dr. Ruth.**
14.00 **Ritters Cove.** Ævintýramynd.
14.30 **Starcom.** Ævintýrasería.
15.00 **Poppþáttur.**
16.00 **Þáttur D.J. Kat.** Barnaefni og tónlist.
17.00 **Gidget.** Gamanþáttur
17.30 **Mig dreymir um Jeannie.**
18.00 **Family Affair.** Gamanþáttur.
18.30 **Áhættuleikarar.** Heimildamynd.
19.30 **The War Between Men And Women.** Kvikmynd frá 1972.
21.25 **Bílasport.**
22.30 **Thailand.**Ferðaþáttur.
23.00 **Popp.**
24.00 **Munið Franz Kline.**
0.30 **Playing Shakespeare.** 7. hluti.
1.30 **Þjóðminjasafnið.**12. þáttur.
0.20 **Guitarra.** 5. þáttur
2.30 **Barb Jungr.**Djass.
3.00 **Tónlist og landslag.**

## Rás I FM 92,4/93,5

6.45 **Veðurfregnir.** Bæn, séra Ingólfur Guðmundsson flytur.
7.00 **Fréttir.**
7.03 **Í morgunsárið með Randveri Þorlákssyni.** Fréttayfirlit kl. 7.30 og 8.30, fréttir kl. 8.00 og veðurfregnir kl. 8.15.
9.00 **Fréttir.**
9.03 **Litli barnatíminn.** Andrés Indriðason les sögu sína „Lyklabarn". (6.)
9.20 **Morgunleikfimi.** Umsjón: Halldóra Björnsdóttir.
9.30 **Íslenskur matur.** Kynntar gamlar íslenskar mataruppskriftir sem safnað er í samvinnu við hlustendur og samstarfsnefnd um þessa söfnun. Sigrún Björnsdóttir sér um þáttinn.
9.40 **Landpósturinn** – Frá Vestfjörðum. Umsjón: Finnbogi Hermannsson.
10.00 **Fréttir.** Tilkynningar.
10.10 **Veðurfregnir.**
10.30 **Óskastundin.** Helga Þ. Stephensen kynnir efni sem hlustendur hafa óskað eftir að heyra,
11.00 **Fréttir.** Tilkynningar.
11.05 **Samhljómur.**
11.55 **Dagskrá.**
12.00 **Fréttayfirlit.** Tilkynningar.
12.20 **Hádegisfréttir.**
12.45 **Veðurfregnir.** Tilkynningar.
13.05 **Í dagsins önn** – Börn og foreldrar. Þáttur um samskipti foreldra og barna og vikið að vexti, þroska og uppeldi. Félagsráðgjafarnir Nanna K. Sigurðardóttir og Sigrún Júlíusdóttir og sálfræðingarnir Einar Gylfi Jónsson og Wilhelm Norðfjörð svara spurningum hlustenda. Símsvari opinn allan sólarhringinn, 91-693566.
13.35 **Miðdegissagan: „Æfingatími"** eftir Edvard Hoem. Aðalsteinn Ásberg Sigurðsson les þýðingu sína (10.)
14.00 **Fréttir.** Tilkynningar.
14.05 **Norrænir tónar.**
14.35 **Hamrahlíðarkórinn syngur undir stjórn Þorgerðar Ingólfsdóttur.**
15.00 **Fréttir.**
15.03 **Vísindaþátturinn.** Umsjón: Ari Trausti Guðmundsson.
16.00 **Fréttir.**
16.03 **Dagbókin. Dagskrá.**
16.15 **Veðurfregnir.**
16.20 **Barnaútvarpið** – Frímerki.
17.00 **Fréttir.**
17.03 **Tónlist á síðdegi**
18.00 **Fréttir.**
18.03 **Á vettvangi.**
18.45 **Veðurfregnir.**
19.00 **Kvöldfréttir.**
19.30 **Tilkynningar.**
19.33 **Kviksjá.** Þáttur um menningarmál. Umsjón: Friðrik Rafnsson og Halldóra Friðjónsdóttir.
20.00 **Litli barnatíminn.**
20.15 **Nútímatónlist.** Þorkell Sigurbjörnsson kynnir verk samtímatónskálda.
21.00 **„Útlínur bak við minnið"** – Ljóð eftir Sigfús Daðason. Ingibjörg Þ. Stephensen les.
21.15 **„Stúlkan og ég",** smásaga eftir Ragnhildi Ólafsdóttur. Guðrún Ásmundsdóttir leikkona les.
21.30 **Kvikmyndaeftirlit** . Umsjón: Bergljót Baldursdóttir.
22.00 **Fréttir.** Dagskrá morgundagsins. Orð kvöldsins.
22.15 **Veðurfregnir.**
22.30 **Samantekt um fiskeldi.** Umsjón: Páll Heiðar Jónsson. (Einnig útvarpað á föstudag kl. 15.03.)
23.10 **Djassþáttur.** – Jón Múli Árnason.
24.00 **Fréttir.**
00.10 **Samhljómur.** Umsjón: Bergþóra Jónsdóttir.
01.00 **Veðurfregnir.** Næturútvarp á samtengdum rásum til morguns.

## RÁS 2 FM 91,1

7.03 **Morgunútvarpið.** Dægurmálaútvarp með fréttayfirliti kl. 7.30 og 8.30 og fréttum kl. 8.00. Leifur Hauksson og Ólöf Rún Skúladóttir hefja daginn með hlustendum.
9.03 **Viðbit.** – Þröstur Emilsson. (Frá Akureyri)
10.05 **Morgunsyrpa.** Evu Ásrúnar Albertsdóttur og Óskars Páls Sveinssonar.
12.00 **Fréttayfirlit.** Auglýsingar.
12.20 **Hádegisfréttir.**
12.45 **Í Undralandi** með Lísu Páls. Sigurður Þór Salvarsson tekur við athugasemdum og ábendingum hlustenda laust fyrir kl. 13.00.
14.00 **Á milli mála** – Eva Ásrún Albertsdóttir og Óskar Páll Sveinsson.
16.03 **Dagskrá.** Stefán Jón Hafstein, Sigríður Einarsdóttir og Ævar Kjartansson bregða upp mynd af mannlífi til sjávar og sveita og því sem hæst ber heima og erlendis.
19.00 **Kvöldfréttir.**
19.33 **Íþróttarásin.** Íslandsmótið í handknattleik, 12. umferð í fyrstu deild karla. Fylgst verður með eftirtöldum leikjum: KR – KA, FH – ÍBV, UBK – Fram og sagt frá leik Vals og Stjörnunnar. Umsjón: íþróttafréttamenn og Georg Magnússon.
22.07 **Á rólinu** með Önnu Björk Birgisdóttur.
01.10 **Vökulögin.** Lög af ýmsu tagi í næturútvarpi til morguns. Sagðar fréttir af veðri, færð og flugsamgöngum kl. 5.00 og 6.00. Veðurfregnir frá Veðurstofu kl. 1.00 og 4.30. Fréttir kl. 2.00, 4.00, 7.00, 7.30, 8.00, 8.30, 9.00, 10.00, 11.00, 12.00, 12.20, 14.00, 15.00, 16.00, 17.00, 18.00, 19.00, 22.00 og 24.00.
8.07 – 8.30 **Svæðisútvarp Norðurlands.**
18.03 – 19.00 **Svæðisútvarp Norðurlands.**

## Stjarnan FM 102,2 & 104

7.00 **Egg og beikon.** Morgunþáttur Þorgeirs og fréttastofunnar, viðtöl, fólk og góð tónlist. Stjörnufréttir klukkan 8.
9.00 **Níu til fimm.** Lögin við vinnuna, lítt trufluð af tali. Umsjón Gyða Dröfn Tryggvadóttir og Bjarni Haukur Þórsson. Stjörnufréttir klukkan 10, 12, 14 og 16.
17.00 **Ís og eldur.** Þorgeir Ástvaldsson og Gísli Kristjánsson, tal og tónlist. Stjörnufréttir klukkan 18.
18.00 **Bæjarins besta.** Kvöldtónlist til að hafa með húsverkunum og eftirvinnunni.
21.00 **Í seinna lagi.** Tónlistarkokkteill sem endist inn í draumalandið.
1.00 **Næturstjörnur.** Fyrir vaktavinnufólk, leigubílstjóra, bakara og nátthrafna.

## FM 98,9 BYLGJAN

7.30 **Páll Þorsteinsson:** Þægileg morguntónlist sem gott er að vakna við. Fréttir kl. 8 og Potturinn kl. 9.
10.00 **Valdís Gunnarsdóttir.** Góð tónlist með vinnunni. Fréttir kl. 10, 12 og 13. Potturinn kl. 11. Bibba og Halldór koma milli kl. 10 og 11.
14.00 **Þorsteinn Ásgeirsson.** Góð síðdegistónlist. Óskalagasíminn er 61 11 11. Fréttir kl. 14 og 16. Potturinn kl. 15 og 17. Bibba og Halldór milli kl. 17 og 18.
18.00 **Fréttir.**
18.10 **Reykjavík síðdegis – Hvað finnst þér?** Steingrímur Ólafsson og Bylgjuhlustendur spjalla saman. Síminn er 61 11 11.
19.00 **Freymóður T. Sigurðsson.**
20.00 **Bjarni Ólafur Guðmundsson.** Tónlistin þín.
24.00 **Næturdagskrá Bylgjunnar.**

## Hljóðbylgjan Reykjavík FM 95,7

8.00 **Hafdís Eygló Jónsdóttir** er eldhress á morgnana og spilar tónlist við allra hæfi. Óskalagasíminn er 625511.
12.00 **Ókynnt hádegistónlist.**
13.00 **Snorri Sturluson** styttir ykkur stundir milli kl. 1 og 5. Tónlistin er vægast sagt góð. Óskalagasíminn er 625511.
17.00 **Hafdís Eygló Jónsdóttir** er ykkur innan handar á leiðinni heim úr vinnunni. Þægileg tónlist fyrir alla.
19.00 **Ókynnt kvöldmatartónlist.**
20.00 **Marinó V. Marinósson** geigar ekki frekar en hin kvöldin. Pottþétt tónlist er hans sterkasta hlið.
22.00 **Linda Mjöll Gunnarsdóttir** og rólegheitin í lok vinnudagsins.
1.00 Dagskrárlok.

## ÚTRÁS

16.00 **KV.**
18.00 **MH.**
20.00 **MR.**
22.00 **FG.**
1.00 **Dagskrárlok.**

## ALFA FM-102,9

10.00**Morgunstund.** Guðs orð og bæn.
10.30 **Alfa með erindi til þín.** Margvíslegir tónar sem flytja blessunarríkan boðskap.
17.00 **Inn úr ösinni.**Þáttur með jólaívafi í umsjón Árnýjar Jóhannsdóttur. Tónlist, smákökuuppskriftir, viðtöl o.fl. (Endurtekið næsta föstudagskvöld.)
19.00 **Alfa með erindi til þín,** frh.
20.00 **Vinsældaval Alfa.** Stjórnandi: Jóhanna Benný Hannesdóttir. (Endurtekið næstkomandi laugardag.)
22.00 **Í miðri viku.** Blandaður tónlistar- og rabbþáttur. Stjórn: Alfons Hannesson. (Endurtekið næstkomandi föstudag.)
24.00 **Dagskrárlok.**

## Rót ÚTVARP FM 106,8

13.00 **Framhaldssagan.**
13.30 **Nýi tíminn.** Bahá'ísamfélagið á Íslandi. E.
14.00 **Á mannlegu nótunum.** Flokkur mannsins. E.
15.00 **Úr ritverkum Þórbergs Þórðarssonar.** Jón frá Pálmholti les.
15.30 **Kvennalistinn.** Þingflokkur Kvennalistans. E.
16.00 **Húsnæðissamvinnufélagið Búseti.** E.
16.30 **Umrót.** Tónlist, fréttir og upplýsingar um félagslíf.
17.00 **Samtökin '78.**
18.00 **Elds er þörf.** Umsjón: Vinstrisósíalistar. Um allt milli himins og jarðar og það sem efst er á baugi hverju sinni.
19.00 **Opið.**
19.30 **Frá vímu til veruleika.** Krýsuvíkursamtökin.
20.00 **FÉS.** Unglingaþáttur. Umsjón: Nonni og Þorri.
21.00 **Barnatími.**
21.30 **Framhaldssagan.** E.
22.00 **Við og umhverfið.** Þáttur í umsjá dagskrárhóps um umhverfismál á Útvarp Rót.
22.30 **Laust.**
23.00 **Erindi.** Haraldur Jóhannsson flytur.
23.30 **Rótardraugar**
24.00 **Hausaskak.** Þungarokksþáttur í umsjá Guðmundar Hannesar Hannessonar. E. frá mán.

## Útvarp HAFNARFJÖRÐUR FM91.7

18.00–19.00 **Í miðri viku.** Fréttir af íþróttafélögunum o.fl.
19.30–22.00 **Útvarpsklúbbur Öldutúnsskóla.**
22.00–24.00 **Útvarpsklúbbur Flensborgarskóla.**

## Hljóðbylgjan Akureyri FM 101,8

7.00 **Kjartan Pálmarsson,** okkar maður á morgunvaktinni, kemur Norðlendingum á fætur með góðri tónlist og léttu spjalli. Litið verður í blöðin.
9.00 **Rannveig Karlsdóttir** með skemmtilega tónlist og tekur á móti afmæliskveðjum og ábendingum um lagaval.
12.00 **Ókynnt afþreyingartónlist.**
13.00 **Pétur Guðjónsson** á léttum nótum með hlustendum.
17.00 **Kjartan Pálmarsson** með miðvikudagspoppið, skemmtilegur að vanda.
19.00 **Ókynnt gullaldartónlist.**
20.00 **Bragi Guðmundsson** sér um tónlistarþátt.
22.00 **Þráinn Brjánsson** leikur góða tónlist á síðkvöldi.
24.00 **Dagskrárlok.**

## Ólund

19.00 **Raflost.**Jón Heiðar, Siggi og Guðni þungarokka af þekkingu.
20.00 **Skólaþáttur.**Umsjón hafa nemendur í Menntaskólanum á Akureyri.
21.00 **Fregnir.** 30 mínútna fréttaþáttur. Opin umræða ásamt blaðalestri.
21.30 **Bókmenntaþáttur.** Straumar og stefnur í bókmenntum.
22.00 **Það er nú það.** Valur Sæmundsson spjallar við hlustendur og spilar meira og minna.
23.00 **Leikið af fingrum.** Steindór Gunnlaugsson og Ármann Gylfason leika vandaða blöndu.
24.00 **Dagskrárlok.**



**Martin er kominn heim á fornar slóðir. Það er Paul Freeman sem fer með hlutverk hans.**

### Stöð 2 kl. 21.55:

# Dagdraumar

Ný bresk framhaldsmynd í sjö hlutum sem greinir frá tveim einstaklingum, Diane og Martin, sem eru skilin að skiptum eftir margra ára hjónaband. Erfiðleikar skilnaðarins gera víða vart við sig og hafa sérstaklega djúpstæð áhrif á tvö börn þeirra sem eru á unglingsaldri.

Diane og Martin eru bæði komin í sambúð með nýjum maka en samband beggja gengur hálfbrösulega. Sambýlismaður Diane sér vart fjölskyldunni farborða sem verður til þess að Diane ræður sig til vinnu sem einkaritari.

Eftir stutta dvöl á nýja vinnustaðnum uppgötvar hún að fyrrverandi eiginmaður starfar þar einnig. Það er ekki að sökum að spyrja að lengi lifir í gömlum glæðum. Ástin sem einu sinni brann milli þeirra er ekki enn kulnuð og blossar nú upp af endurnýjuðum krafti. Þau ákveða að fara í heimsókn á fornar slóðir og rifja upp æskuminningar frá fornum hveitibrauðsdögum.

-Pá

### Rás 2 kl. 19.33:

# Íþróttarásin

Í kvöld munu íþróttafréttamenn Ríkisútvarpsins fylgjast með Íslandsmótinu í handknattleik, 12. umferð í fyrstu deild karla. Lýst verður hlutum úr eftirtöldum leikjum: KR–KA, FH–ÍBV, UBK–Fram og sagt verður frá leik Vals gegn Stjörnunni. Tæknimaðurinn síkáti Georg Magnússon verður íþróttafréttamönnum Ríkisútvarpsins til halds og trausts við þessa útsendingu.

-Pá



**Nigel Haves og Rosemary Leach í hlutverkum sínum í Undir fölsku flaggi.**

### Stöð 2 kl. 21.00:

# Undir fölsku flaggi

Hér hefja göngu sína nýjir breskir framhaldsþættir um glæsimennið Ralph Gorse. Hann er myndarlegur, fágaður og vel til fara og því ekki að undra að konur dragist að honum eins og flugur að ljósi.

En flagð er undir fögru skinni og glæsibragur Gorse ristir ekki ýkja djúpt. hann er ekki við eina fjölina felldur og lætur ekkert aftra því að draumar hans um peninga og völd nái að rætast. Töfrar hans hrífa flesta en ekki mr. Simpson sem er sérstakur óvildarmaður Gorse en hann hafði dregið frú Simpson á tálar.

Þættirnir eru byggðir á leikriti eftir Patrick Hamilton. Eftir hann liggja nokkur leikrit og skáldsögur en flest verka hans fjalla um eymd og mannlegan breyskleika.

Aðalhlutverk eru í höndum Nigel Havers, Bernards Heptons og Rosemary Leach en leikstjóri er Alan Gibson.

-Pá